

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um útköll sérsveitar ríkislögreglustjóra.

1. Hversu mörgum vopnuðum útköllum sinni sérsveit ríkislögreglustjóra á árunum 2017–2022?

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Vopnuð útköll	174	200	202	308	319	390

2. Hversu margar tilkynningar bárust lögreglu um vopnaða einstaklinga á sama tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum.

Ekki reyndist unnt að taka saman fjölda þeirra mála þar sem lögreglu berst tilkynning um vopnaða einstaklinga. Það er m.a. vegna þess að í sumum tilvikum er tilkynnt um vopn á vettvangi en viðbrögð við slíkum tilkynningum eru svipuð og ef um væri að ræða tilkynningu um vopnaðan einstakling. Þá getur það gerst að lögreglu hafi borist tilkynning um vopnaðan einstakling án þess að sérsveit lögreglu sé kölluð til eða lögregla vopnist vegna þess að aðrar skýringar hafi komið í ljós í kjölfarið og geta slíkar tilkynningar verið skráðar með mismunandi hætti.

Í meðfylgjandi töflu er að finna upplýsingar um fjölda vopnaðra útkalla sérsveitar samkvæmt lögreglukerfi ríkislögreglustjóra (LÖKE) á umbeðnu tímabili:

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Janúar	11	9	12	16	22	29
Febrúar	10	13	17	13	14	27
Mars	11	21	14	12	36	16
Apríl	12	11	15	28	26	30
Mái	16	19	21	24	23	33
Júní	14	25	22	29	27	21
Júlí	12	22	20	27	24	52
Ágúst	28	20	25	32	18	48
September	15	18	17	24	26	38
Október	16	11	17	49	30	35
Nóvember	13	19	7	29	32	34
Desember	16	13	15	25	42	29